

**Stofnanasamningur milli
Póst- og fjarskiptastofnunar og SFR
um reglur og röðun starfa**

(skv. Ákvæðum í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 9. mars 2005)

Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá stofnuninni.

1. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits kynferðis.
- b. að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar
- c. að launakerfið opni fyrir þann möguleika að starfsmenn geti samið um að fastar greiðslur sem ekki eru hluti af grunnlaunum séu teknar inn í föst laun
- d. að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan Póst- og fjarskiptastofnunar.

2. Röðun í starfsflokka.

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í flokk í samræmi við það. Tekið skal tillit til starfsreynslu frá öðrum en Póst- og fjarskiptastofnun úr sambærilegum störfum.

<u>Starf</u>	Launaflokkur, grunnröðun	<u>1. maí 2007</u>
Móttaka	11	12
Fulltrúi	15	16
Bókari	20	21

Starf getur svo raðast hærra í sérstökum tilfellum þegar starf fellur ekki að hinum almennu skilgreiningum. Launabreyting 1. maí 2007 í samræmi við ákvæði kjarasamnings frá 9 .mars 2005

3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

4.1. Starfsreynsla

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka samanber eftirfarandi: Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin starfsreynsla hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti:

- starfsmaður með 2 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launflokk.
- starfsmaður með 4 ára starfsreynslu skal hækka um 2 launaflokka.
- starfsmaður með 6 ára starfsreynslu skal hækka um 3 launaflokka

5.2. Menntun

Heimilt er að hækka starfsmann sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, um launaflokka sem hér segir.

- starfsmaður sem hefur lokið eins til tveggja vetra námi skal hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður sem hefur lokið þriggja vetra námi skal hækka um 2 launaflokka

5.3. Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, og/eða starfmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka til viðbótar um 1 launaflokk
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka til viðbótar um 1 launaflokk

5.4. Annað

a) heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

b) starfsmenn skulu eiga rétt á starfsmannaviðtali einu sinni á ári. Viðtalið er liður í starfsþróunaráætlun stofnunarinnar gagnvart hverjum starfsmanni fyrir sig. Í áætlunin skal m.a. koma fram:

- áætlun um símenntun starfsmanns og möguleika hans til að sækja símenntun
- umsögn um starfsmanninn og þróun hans í starfi

6. Endurskoðun

Um endurskoðun samkomulags þessa gildir ákvæði 11. kafla kjarasamnings Samningurinn gildir frá og með 1. maí 2006

Bókun.**Endurmat starfskjara**

Starfsmaður getur óskað eftir launaviðtali einu sinni á ári og skal það fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að ósk hefur komið fram eða eftir nánara samkomulagi. Starfsmanni skal gefið svar eigi síðar en fjórum vikum eftir samtal fór fram.

Reykjavík, 26. janúar 2007

F.h SFR

F.h. Póst- og fjarskiptastofnunar